

Alþingi
Erindi nr. P 143/890
komudagur 23.1.2014



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. janúar 2014

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs 106. mál

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreindar tillögur til umsagnar og gera eftirfarandi athugasemdir.

Samtök ferðaþjónustunnar fagna almennt hugmyndum um stofnun þjóðgarða á svæðum sem nauðsynlegt er að vernda en íslensk náttúra og ósnortin víðerni hennar eru þeir grunnþættir sem draga 80% erlendra ferðamanna til Íslands. Mikilvægið er ekki minna þegar kemur að ferðum Íslendinga sjálfra og hlut útivistar í lífsgæðum okkar. Það verður þó að benda á að það er ekki nægilegt að stofna þjóðgarða. Það þurfa að fylgja þeim fjármunir til uppbyggingar og skipulagningar, það er til dæmis nauðsynlegt að góð aðstaða sé sköpuð fyrir fyrirtækin til að fara með ferðamenn um þjóðgarða. Það þarf jafnt að vernda náttúruna í þjóðgördum og nærliggjandi svæðum sem og gera fólki kleift að njóta þeirra svo vel sé.

SAF fara fram á að eiga sæti í þeim ráðum og nefndum sem fjalla um hagsmuni ferðaþjónustunnar og fellur stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs undir þá kröfu enda samráð við hagsmunaaðila forsenda þess að vel takist til.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson